

# Enska 9.bekkur

Kennarar: Halldóra Lára Benónýsdóttir

9

Skólaárið

2024-2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Námsþættir vetrarins eru:

- hlustun** á mismunandi efni t.d. úr fjöl-og myndmiðlum þar sem nemendur tileinka sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum eftir áhuga, námi og þekkingu til að segja frá, vinna úr eða nýta sér á annan hátt sér til gagns og ánægju
- lesskilningur** á margvíslegum texta t.d. úr kennslubókunum, dagblöðum, skáldsögum, smásögum, tímaritum, netmiðlum og víðar þar sem nemendur afla sér upplýsinga, bregðast við efninu til frásagnar eða á annan hátt ásamt því að lesa sér til fróðleiks, ánægju og þroska.
- samskipti** sem miða að því að nemendur geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn og efni sem honum er kunnugt, einnig að geta tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum t.d. að miðla, taka á móti upplýsingum, átt skoðanaskipti, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- frásögn** sem miðar að því að nemendur geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir eða hefur kynnst við hlustun eða lestur, tjáð skoðanir sínar, brugðist við spurningum, flutt stutta frásögn, stutt frumsamið efni eða kynningu
- ritun**, þar sem nemendur æfast í að skrifa ýmsar gerðir af formlegum og óformlegum textum með lesanda í huga, skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur hlustað, séð eða lesið og fylgt ákveðnu textaformi þar sem það á við. Einnig tjáð tilfinningar, reynslu þekkingu og skoðanir sínar skriflega. Lögð er áhersla á að sköpunargáfan og myndunaraflíð fái að njóta sín.
- menningarlæsi** þar sem nemendur kynnast mismunandi afbrigðum tungumálsins, samfélags- og þjóðfélagsgerðum á enskumælandi málsvæðum, Asíu og Kanada.
- lykilhæfni sem snýr að bera ábyrgð á eigin námi, fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra.

Málkerfið og orðaforðinn eru undirstöðuþættir hvers tungumáls og eru samofin öllum færniþáttum og því er notkun orðabóka þjálfuð sem og málfræði. Valdar óreglulegar sagnir verða lærðar utan að.

Námsefni vetrarins verður skipt upp í nokkrar lotur. Áætlun verður fyrir hverja lotu, ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum þarf hann að vinna það heima.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Námsefni vetrarins verður skipt upp í nokkrar lotur. Áætlun verður fyrir hverja lotu, ef nemandi nær ekki að klára áætlun í kennslustundum þarf hann að vinna það heima. Lykilhæfni sem snýr að því að fara eftir fyrirmælum, nýta tímann vel, axla ábyrgð á náminu, gefa góðan vinnufrið og eiga í góðum samskiptum við aðra er æft í hverri kennslustund.

Lota 1 - 1.kafli Spotlight 9 viðfangsefni ástin í fjölbreyttum myndum og kvikmyndin Juno ásamt verkefni. Unnið með hlustun, frásögn, lesskilningur, samskipti og ritun.

Lota 2 - Podcast að eigin vali og ritun. Unnið með hlustun, frásögn og ritun.

Lota 3 - 2.kafli Spotlight 9 þar sem fræðst er um Kanada á ýmsan hátt og kynning um frægan frá Kanada unnin og kynnt. Unnið með lesskilning, ritun, samskipti, frásögn, menningarlæsi og hlustun.

Lota 4 - Stytt útgáfa af Black Beauty lesin, lesskilningsverkefni unnin og lesskilningspróf í lokin. Unnið með lesskilning og ritun.

Lota 5 - 3.kafli Spotlight 9 um fantasíur og ævintýraminni. Nemendur búa til sína fantasíusögu. Unnið með hlustun, samskipti, lesskilningur og ritun.

Lota 6 - Óreglulegar sagnir, algengar óreglulegar sagnir lærðar utan að. 10 sagnir í senn á viku lærðar.

Lota 7 - Skáldsagan Holes eftir Louis Sachar lesin og ritgerð úr efni hennar unnin. Áhorf á myndina Holes, bókin og kvikmyndin borin saman Unnið með lesskilning, hlustun, ritun og frásögn.

Lota 8 - 4.kafli Spotlight 9 um New York lesinn og hópavinnuverkefni um 9/11 unnið. Áhorf á myndina Reign over me og unnin úrdráttur úr myndinni á meðan horft er. Unnið með ritun, hlustun, lesskilning, samskipti og frásögn.

Lota 9 - Spotlight kafli 6, valið efni. Verkefni um lönd Asíu með ensku sem opinbert eða annað tungumál, unnið í hópavinnu þar sem nemendur búa til kynningu um valin lönd og flytja fyrir bekkinn. Unnið með hlustun, lesskilning, frásögn, samskipti, ritun og menningarläsi. .

Lota 10 -5.kafli Spotlight 9 um mismunandi skoðanir fólks um ýmis málefni. Unnið með hlustun, ritun, lesskilning, samskipti og frásögn.

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (ef þarf) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn í kennslustundum
- Sjálfstæð vinna
- Samvinnunám og paravinna
- Hópverkefni og kynningar
- Verkefni unnin (ritun, bókrýni, kvikmyndaverkefni o.fl.)
- Spjaldtölvur, gagnvirk verkefni eftir efnum og aðstæðum
- Google classroom umhverfið verður nýtt eins og kostur er

## Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefni. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s.hljóðbækur. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þess þurfa.

## Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða verkefni og/eða próf lögð fyrir í hverri lotu til námsmats þar sem reynir á námsþættina. Leiðsagnarmat haft að leiðarljósi.

## Námsgögn

Spotlight 9 lesbók og vinnubók

Skáldsagan Holes eftir Louiss Sachar

Black Beauty lesbók

Myndefni

Hlustunarefni

Ýmis verkefni sem snerta alla námsþætti

### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirætlum og nýtt tímann vel
- gefið góðan vinnufrið
- axlað ábyrgð á náminu
- átt í góðum samskiptum við aðra

### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Hlustun

- tileinkað sér aðalatriði úr frásögnum og sögum um ást og sambönd(1.lota)
- fylgst án vandkvæða með aðgengilegu efni í fjöl -og myndmiðlum (3.lota)
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr því sem við á og unnið úr þeim (8.lota)
- sýnt góð tök á aðalatriðum úr frásögn í fjölmiðli og ýmsum textum og brugðist við efni þeirra (10.lota)
- Fylgst án vandkvæða með aðgengilegu efni í myndmiðlum (1.lota)
- hlustað eftir nákvæmum upplýsingum um fantsiur og ævintýri og valið úr sem við á (5.lota)
- fylgst án vandkvæða með efni myndmiðla sér til gagns og ánægju, sagt frá því og unnið úr(8.lota)
- fylgst án vandkvæða með efni eftir áhugasviði og nýtt það í verkefnavinnu (2.lota)
- fylgst án vandkvæða með aðgengilegu efni í myndmiðlum (7.lota)
- fylgst án vandkvæða með efni um enskumælandi lönd Asíu og nýtt efnið í verkefnavinnu (9.lota)

### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Lesskilningur

- lesið um ást og sambönd í stuttum textum og aflað sér upplýsinga úr þeim (1.lota)
- lesið og unnið með texta með algengan orðaforða (4.lota)
- leyst ýmis konar lesskilningsverkefni og unnið með algengan orðaforða tengdum fantasíum og ævintýrum (5.lota)
- aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt í verkefnavinnu (8.lota)
- lesið sér til gagns og ánægju stutta texta tengda Kanada (3.lota)

- leyst ýmis konar lesskilningsverkefni og fundið lykilupplýsingar í texta (4.lota)
- lesið sér til gagns og ánægju skáldsögu fyrir ungt fólk og myndað sér skoðanir á henni (7.lota)
- lesið sér til fróðleiks rauntexa úr netmiðlum um enskumælandi lönd Asíu (9.lota)
- lesið og skilið styttri skáldsögur (4.lota)
- lesið sér til fróðleiks og ánægju smásögur og ýmsa texta um fantasíur og ævintýri (5.lota)
- greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér efni skáldsögu í verkefnavinnu (7.lota)
- aflað sér upplýsinga úr texta og nýtt sér í verkefnavinnu (10.lota)

#### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Samskipti

- tekið þátt í óformlegu spjalli um málefni tengt ást og samböndum og beitt réttum áherslum og framburði (1.lota)
- beitt eðlilegum framburði, hrynjanda og áherslum af nokkru öryggi með orðaforða tengdum ævintýrum og fantasíum (5.lota)
- sýnt að sé samræðuhæfur og geti tekið þátt í óformlegu spjalli (10.lota)
- tekið þátt í óformlegu spjalli um efni sem er tengt landinu (3.lota)
- beitt nokkuð réttu máli, með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi (8.lota)
- tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu um ævintýri og fantasíur og tekið tillit til viðmælanda (5.lota)
- beitt nokkuð réttu máli, með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi (9.lota)

#### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Frásögn

- tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hefur horft og hlustað á (1.lota)

#### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Ritun

- sýnt góð tók á einföldum orðaforða um ást og sambönd (1.lota)
- skrifað texta úr efni sem hefur hlustað á, sýnt góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (2.lota)
- beitt meginreglum málnotkunar er varðar fornöfn og afturbeygð fornöfn og forsetningar (3.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar (4.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar um óreglulega fleirtölu nafnorða og „there and it.“ (5.lota)

- tjáð sig um skoðanir sínar á skáldsögu (7.lota)
- sýnt fram á góð tók á meginreglum málnotkunar er varðar eignarfall og tíðir og kennimyndir sagnorða(8.lota)
- skrifað lipran, samfelldan, fjölbreyttan texta eftir fyrirmælum (8.lota)
- skrifað texta í samræmi við inntak og tilgang (10.lota)
- brugðist skilmerkilega við því sem hefur hlustað og séð um ást og sambönd (1.lota)
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín (2.lota)
- skrifað óformlegan texta um Kanada og sýnt góð tók á orðaforða (3.lota)
- skrifað sögu í ævintýra-fantasíuformi og sýnt góð tók á orðaforða tengt því (5.lota)
- beitt meginreglum málnotkunar hvað varðar óreglulegar sagnir (6.lota)
- sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar í ritgerðarvinnu (7.lota)
- skrifað um efni sem hefur séð og hlustað á, á skilmerkilegan hátt (8.lota)
- skrifað einfaldan texta í kynningu um enskumælandi lönd Asíu, sýnir góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar (9.lota)
- sýnt fram á góð tók á góðum orðaforða um skoðanir (10.lota)
- sýnir góð tók á meginreglum málnotkunar er varðar sagnir lh.þt./þáliðin tíð, tíðaratviksorð, háttaratviksorð og would-should. (1.lota)
- brugðist skilmerkilega við því sem hefur hlustað, lesið og séð um Kanada (3.lota)
- leikið sér með málið og látið hugmyndaflugið og sköpunargáfuna njóta sín (3.lota)
- leikið sér með málið og látið hugmyndaflugið og sköpunargáfuna njóta sín (5.lota)
- skrifað lengri texta/ritgerð í samræmi við inntak og tilgang skrifanna (7.lota)
- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu texta og notað tengiorð við hæfi (7.lota)
- sýnt fram á góð tók á orðaforða og meginreglum málnotkunar í kynningu (8.lota)
- leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna njóta sín í kynningu um enskumælandi lönd Asíu (9.lota)

#### AS Enska 9. bekkur 2024 - 2025 - Menningarläsi

- sýnt fram á að þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar Kanada og hvað einkennir þjóðfélagið (3.lota)

- sýnt fram á að þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar enskumælandi landa Asíu og hvað einkennir þau (9.lota)

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel
- gefið góðan vinnufrið
- axlað ábyrgð á náminu
- átt í góðum samskiptum við aðra

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Hlustun

- skilið og getur nýtt sér talað mál um almenn málefni í aðstæðum sem hann þekkir og brugðist við með orðum og athöfnum

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Lesskilningur

- tileinkað sér mjög fjölbreyttan orðaforða
- fyrirhafnarlítið lesið sér til gagns og ánægju texta af ýmsum toga um margvísleg málefni

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Samskipti

- tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, fært einföld rök fyrir máli sínu
- notað algeng föst orðasambönd úr daglegu máli og kann að beita viðeigandi venjum og aðferðum til að gera sig skiljanlegan

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Frásögn

- flutt frásögn eða kynningu á eigin texta, endursagt og getur tjáð sig um málefni sem hann þekkir

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Ritun

- fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta
- sýnt fram á góð tæk á meginreglum málnotkunar
- skrifað samfellda og ýmsar gerðir texta um málefni sem hann þekkir og hefur unnið með, hlustað á og lesið

#### xx AS Enska 9. bekkur 2023 - 2025 - Menningarläsi

- sýnt fram á að hann þekki til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið á viðkomandi mál- og menningarsvæði og getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins

